



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 128/204
komudagur 20.11.2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19.11.2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þings-
ályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og
meðalstórum fyrirtækjum, 16. mál.

Alþýðusamband Íslands telur æskilegt að hlúa að nýsköpun og
þróunarstarfi í smærri atvinnurekstri og mælir með því að tillagan
verði samþykkt.

f.h. Alþýðusambands Íslands


Grétar Þorsteinsson, forseti

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/372
komudagur 2.12.2002



Nefndasvið Alþingis,
Þórhamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Akureyri 25.11.2002

Samkvæmt bréfi dagsettu 4. nóvember 2002 er óskað eftir umsögn AFE á tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, 16. mál.

Í tillögunni koma fram ýmsar tillögur um stuðning við smá og meðalstór fyrirtæki sem þegar er fyrir hendi frá t.a.m. Iðntæknistofnun og fleiri opinberum stofnunum. Megin málið er e.t.v. að samræma þennan stuðning á einum stað þannig að starfandi fyrirtæki, og þeir sem vilja stofna ný fyrirtæki, þurfi ekki að leita upplýsinga svo víða sem þau þurfa að gera í dag.

Við getum tekið undir nokkur atriði sem í dag eru óljós og þurfa að vera skýrari. T.a.m. varðandi stöðu frumkvöðla og uppfinningamanna, kostnað við einkaleyfi, vöruvernd og framleiðsluleyfi.

Einnig varðandi stöðu fyrirtækja gagnvart eftirliti og leyfisveitingum.

Varðandi smá og meðalstór fyrirtæki þá er sú skilgreining sem tíðkast í Evrópu fjarri hugmyndum Íslendinga um smá og meðalstór fyrirtæki en þar teljast jafnvel fyrirtæki með 250 starfsmenn eða minna meðalstór fyrirtæki. Aðstæður hjá okkur kalla eflaust á sérstaka meðhöndlun á smá og meðalstór fyrirtæki en liggja þarf fyrir hvernig tillögumenn skilgreina smá og meðalstór fyrirtæki.

Í heild getum við tekið undir flest í umræddri þingályktun þótt ýmislegt þar sé þegar í ágætum farvegi en ítrekum að það megi einfalda hlutina með því að hafa slíka upplýsingagjöf og aðstoð á sem fæstum herðum.

Virðingarfyllst
f.h. AFE

Benedikt Guðmundsson
forstöðumaður
Þróunarsviðs AFE



Alþingi
Erindi nr. P 128/72
Þomudagur 15.11.2002
128/72

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.
Garðarsbraut 5, 640 Húsavík
Sími: 464-2070, Fax: 464-0406,
Netfang: atthing@atthing.is
Vefsíða: www.atthing.is

7. nóvember 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Tilvísun:

Bréf dagsett 4. nóvember 2002, vegna þskj. 16 – 16. máls á 128. löggjafarþingi – Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum

Almennt má segja um tillöguna að hún tekur mið af þáttum sem eru daglega með einum eða öðrum hætti inn á borði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Atvinnuþróunarfélögin eru dæmi um aðila sem eru að vinna mikilvægt ráðgjafarstarf með fyrirtækjum og frumkvöðlum, og einmitt gjaman á fyrstu stigum hugmynda. Þar er þörfin líka mest jafnframt því sem erfiðast reynist oft á tíðum að fjármagna þessa þætti, sbr. þróun framlaga til atvinnuþróunarfélaga síðustu árin. Væntanlega verður nú breyting á.

Það þarf ekki ætíð að búa til eitthvað nýtt, stundum getur verið hagkvæmara að nýta það sem fyrir er, skerpa hugsanlega skilgreiningar og marka sterkari starfsramma og betri starfsskilyrði. Hér er átt við mikilvægi þess að styrkja ráðgjafarstarf sem sinnir raunverulega fyrstu skrefum, frá hugmynd að veruleika, ásamt því að fylgja viðskiptahugmyndinni eftir á fyrstu stigum lífkúrfunnar. Að sama skapi er mjög mikilvægt að skapa sem best skilyrði og aðstæður fyrir frumkvöðla/fyrirtæki til að stofna til atvinnureksturs, og enn frekar til að slíkur atvinnurekstur geti skilað tilætluðum árangri.

Ítrekað er að aðgerðin sem hér um ræðir er ekki einungis að efna til nýrra fyrirtækja, enn mikilvægara er að veita fyrirtækjum ráðgjöf (vinna með þeim á þeirra “stigi”) fyrstu árin, eða eftir aðstæðum hverju sinni, þar til þau hafa náð einhverjum ásættanlegum skilgreindum árangri.

Í því starfsumhverfi sem AP sinnir, skiptir hvert “smátt eða meðalstórt” fyrirtæki afskaplega miklu máli. Allt sem bætir laga- og starfsumhverfi á þessu sviði er til bóta.

F.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.

Tryggvi Finnsson
-framkvæmdastjóri-



Bygðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 128/205
komudagur 20.11.2002

Dagsetning 19.11.2002

Efnahags og viðskiptanefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri 16. mál.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur æskilegt að hlúa að uppbyggingu smárra og meðalsstórra fyrirtækja og að nýsköpun og þróunarstarfi. Stofnunin væntir þess að tekið verði á þessum málum hvað varðar landsbyggðina við framkvæmd ályktunar Alþingis um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Virðingarfyllst

Dr. Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs
Bygðastofnunar

Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi á Próunarsviði Bygðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 128/348
komudagur 29.11.2002

Iðntæknistofnun 

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS
Keldnaholti, 112 Reykjavík
Heimasíða: <http://www.iti.is>
Sími 570 7100
Bréfasími 570 7111

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.11.2002
0AA7000-52.01 HAJ/aó

Málefni: Umsögn um tillögu til þingályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum

Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á vöxt og viðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja víða um hinn vestræna heim. Jafnframt hefur nú undanfarin ár verið lögð aukin áhersla á að stuðla að nýsköpun með stuðningi við lítil fyrirtæki með stuðningi við einstaklinga sem vilja hasla sér völl í atvinnulífinu með eigin atvinnurekstri. Í vaxandi mæli er líka reynt í alþjóðlegum athugunum að leggja mat á getu landa til að stunda nýsköpun. Lönd sem skora vel á þeim mælikvarða eru talin eiga góða hagvaxtarmöguleika í framtíðinni.

Iðntæknistofnun tók þátt í slíkri athugun á stuðningi við lítil fyrirtæki fyrir Íslands hönd, þar sem samkeppnisstaða 80 þjóða er borin saman. Ísland er í 12. sæti á lista yfir samkeppnishæfni þjóða. Samkeppnishæfnin er metin út frá tæknistigi, stjórnsýslu og almennu efnahagsumhverfi. Tæknistigsmælikvarðinn byggir á nýsköpunarþætti (Innovation subindex) og upplýsinga- og samskiptaþætti (ICT subindex). Ísland er númer 21 á nýsköpunarkvarðanum og nr. 2 í upplýsinga- og samskiptaþættinum, en báðir byggja á greiningu á tölulegum gögnum og viðhorfsniðurstöðum. Niðurstaðan er, að við erum í þeim þriðjungi sem stendur sig best á þessu sviði, þó augljóslega sé nokkurt svigrúm til að bæta umhverfi til nýsköpunar hér á landi.

Iðntæknistofnun hefur undanfarinn áratug í starfi sínu lagt áherslu á þjónustu við lítil fyrirtæki og einstaklinga/frumkvöðla. Árið 1999 var sett á stofn sérstök rekstrareining, Impru – þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja, innan Iðntæknistofnunar eftir náð samráð við iðnaðarráðuneytið. Um svipað leyti hóf Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfsemi og beindi hann jafnframt sjónum sínum að þessum markhópum, frumkvöðlum og þróunarfyrirtækjum. Iðntæknistofnun hefur átt gott samstarf við iðnaðarráðuneytið og Nýsköpunarsjóð varðandi rekstur Impru. Hér að neðan er stutt samantekt um rekstur Impru á árinu 2001.

Impru

Rekstur Impru – þjónustumiðstöðvar frumkvöðla og fyrirtækja – hefur fest sig í sessi og er ljóst að mikil þörf er fyrir þjónustuna um allt land. Nánir samstarfsaðilar hafa verið Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Sérstök áhersla er lögð á stuðning við frumkvöðla og lítil fyrirtæki. Meðal verkefnaflokka er mat á nýnæmi hugmynda, hagkvæmni, einkaleyfishæfi, handleiðsla

eða leiðsögn frumkvöðla og almenn upplýsingagjöf um hvaðeina er lýtur að stofnun og rekstri fyrirtækja.

Á frumkvöðlasetri er boðið upp á aðstöðu fyrir allt að níu fyrirtæki sem eru að fullmóta viðskiptahugmyndir eða stíga fyrstu skref í rekstri. Iðntæknistofnun á aðild að Frumkvöðlasetri Norðurlands

Evrópumiðstöð hefur staðið að fyrirtækjastefnumótum á Íslandi, Lettlandi, Noregi, Hollandi, Grikklandi, Þýskalandi og fleiri Evrópulöndum og voru þau vel sótt af fyrirtækjum. Á sviði tækniyfirfærslu skrifuðu sjö íslensk fyrirtæki undir samstarfssamninga við evrópsk fyrirtæki.

Sérstök verkefni til að efla konur í rekstri fyrirtækja eru hluti starfsemi Impru s.s. fræðsluverkefnið Brautargengi, sem hvetur konur til framgangs í stofnun og rekstri og leggur áherslu á gerð viðskiptaáætlana. Rúmlega 300 konur hafa sótt námskeiðið frá upphafi þess árið 1996. Félag kvenna í atvinnurekstri hefur aðsetur á deildinni.

Tölulegar upplýsingar tengdar rekstri Impru:

- 3500-4000 fyrirspurnir á ári
- Brautargengi, yfir 300 konur útskrifast
- Evrópumiðstöð
 - 8 tækniyfirfærsluverkefni
 - virk aðstoð við 76 fyrirtæki
 - tengsl við 300 fyrirtæki í gagnabaka
- Frumkvöðlasetur, 16 fyrirtæki hafa dvalið á setrinu
- Viðfangsefni fyrirspyrjenda
 - 50% viðfangsefni á frumstigi
 - 24% fyrirtæki í rekstri
 - 22% að hefja rekstur
 - 4% ráðgjafar og nemar
- Eðli fyrirspurna
 - 36% gerð viðskiptaáætlana
 - 27% handleiðsla um stofnun fyrirtækja
 - 23% almennar fyrirspurnir
 - 12% styrkir
 - 2% lán

Það er ávallt erfitt að leggja mælikvarða á hversu umfangsmikið starf eins og hér um ræðir á að vera. Ljóst er þó að gera má betur á þessu sviði, en vanda verður til þjónustunnar til að ekki verði um sóun að ræða.

Í starfi Iðntæknistofnunar hefur verið leitast við að fylgjast sem best með þróun þeirrar þjónustu sem veitt er erlendis á þessu sviði og vera þátttakendur í alþjóðlegu starfi innan Norðurlanda og ESB/EEA, til þess að tileinka sér aðferðir og rannsóknaniðurstöður sem fram koma. Með því móti telur stofnunin að henni takist að fylgjast með og þar með að leggja áherslur á hverjum tíma sem vænlegar eru til árangurs.


Iðntæknistofnun mun á næstunni taka að sér að reka Nýsköpunarmiðstöð sem leggja mun áherslu á atvinnuþróun um allt land.

Í þessu sambandi er ástæða til að verkja athygli á því að stuðningur við rannsókn- og þróunarstarf Iðntæknistofnunar, þ.e. stuðningur við uppbyggingu nýrrar þekkingar á vaxtarsviðum eins og líftækni, efnistækni s.s. nanótækni og efnatækni, hefur staðið í stað undanfarin ár, en á því sviði, í nánu samstarfi við lítil og meðalstór fyrirtæki, má ekki síður vænta nýsköpunar til lengri tíma lítið.

Niðurlag

Það er ástæða til að fagna tillöguflutningi eins og þeim sem hér um ræðir. Rökstuðningur tillögunnar hljómar eins og um sé að ræða svið sem lítið er sinnt hér á landi. Svo er ekki, þó taka megum undir það að á ýmsum sviðum mætti bæta þjónustuna. Jafnframt er ástæða til að leggja áherslu á að festa þarf starfið í sessi með beinum framlögum af fjárlögum til starfseminnar á vegum Iðntæknistofnunar.

Virðingarfyllt,


Hallgrímur Jónasson
forstjóri



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. nóvember 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar.

Vísað er til bréfs frá Hildi Njarðvík f.h. efnahags og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, **þskj. 16 – 16. mál, 128. löggjafarþing 2002 – 2003.**

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Hins vegar vill sjóðurinn koma því að framfæri að Nýsköpunarsjóður, einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila, hefur frá stofnun sjóðsins komið að umtalsverðum fjölda verkefna sem hugsuð eru fyrir þann markhóp sem fjallað er um tillögunni. Til fróðleiks fylgir með stutt lýsing á all flestum af þeim verkefnum sem Nýsköpunarsjóður hefur komið að. Að auki fylgir með yfirlit yfir starfsemi sjóðsins fyrir tímabilið 1998 – 2002.

Meðfylgjandi bréfi þessu er ennfremur lokaskýrsla um verkefni Nýsköpunarsjóðs á árunum 1999 - 2000, sem sérstaklega eru ætluð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Hér er einungis um að ræða yfirlit yfir þau verkefni sem Imprá – þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja rak fyrir sjóðinn á þessum tveimur árum. Skýrslan er dæmi um það hvað gert hefur verið í einstökum verkefnum og er hugsuð sem innlegg í umræðu nefndarinnar. Þess er farið á leit að skýrslan fari ekki í almenna dreifingu.

Með kveðni,


Ulfar Steindórsson
framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs

Átaksverkefni Nýsköpunarsjóðs fyrir frumkvöðla og fyrirtæki.

Þróunarsvið Nýsköpunarsjóðs er grasrótarsvið sjóðsins. Til þess að örva nýsköpun og laða fram áhugaverðar viðskiptahugmyndir stendur Þróunarsviðið fyrir fjölda átaksverkefna en stærstur hluti þeirra er unninn á vegum annarra aðila í umboði sjóðsins. Hugsunin að baki þessu fyrirkomulagi er að fá til liðs við sjóðinn þá aðila í íslensku viðskiptaumhverfi sem hafa þekkingu og beina snertingu við markaðinn til þess að árangur starfsins verði sem mestur. Stór hluti af þessari starfsemi byggist á þekkingaruppbyggingu framtíðarviðskiptavina sjóðsins en ekki síður að koma í veg fyrir að eigendur viðskiptahugmynda misstígi sig á ferlinu frá hugmynd til markaðshæfrar afurðar. Þannig er aðstoð sjóðsins einnig ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki og einstaklingar fari af stað með verkefni sem ekki eru arðvænleg og gætu farið illa. Oft er hægt að gera þetta með litlum tilkostnaði. Eftirfarandi er yfirlit yfir einstök verkefni sem Nýsköpunarsjóður kemur að.

Nýsköpunarsjóður og Impru – þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja.

Hjá Impru (impru.is) á Iðntæknistofnun hefur verið rekinn umtalsverður fjöldi verkefna. Dæmi um slík verkefni eru t.d. **Handleiðsla** Nýsköpunarsjóðs við frumkvöðla og uppfinningamenn, **Frumkvöðlastuðningur** þar sem veittir eru styrkir til þróunarverkefna s.s. hagkvæmniathugana, gerð viðskiptaáætlana, einakleyfisumsókna o.s.frv., **Snjallræði** sem er hugmyndasamkeppni þar sem auglýst er eftir nýjum framleiðsluhugmyndum, **Skrefi frammar** er ráðgjafaverkefni ætlað ör- og sprotafyrirtækjum og verkefnið **Vefviðskipti** sem er ætlað að hvetja íslensk fyrirtæki til að tileinka sér möguleika vefviðskipta.

Nýsköpunarsjóður, Háskólinn í Reykjavík, Íslandsbanki, Morgunblaðið og Deloitte&Touche.

Auður í krafti kvenna (ru.is/audur) er verkefni sem ætlað er að nýta enn betur þann auð sem í konum býr með því að auka þátttöku þeirra í atvinnusköpun og stuðla þannig að auknum hagvexti á Íslandi. Um er að ræða sex mismunandi verkefni. Námskeiðið **FrumkvöðlaAUÐUR** er ætlað að veita konum hvatningu og stuðning til þess að auka hæfni sína og eykur möguleika þeirra á að koma á fót fyrirtækjum sem geta náð og viðhaldið örur vexti. **LeiðtogaAUÐUR** er til að gefa konum í leiðtogastöðum tækifæri til að efla hæfileika sína sem leiðtogar og styrkja tengslanet þeirra í milli. **Dæturnar með í vinnuna** er einn vinnudagur á ári tileinkaður dætrum Íslands. **FjármálaAUÐUR** er námskeið til að auka hagnýta þekkingu kvenna á fjármálum. **FramtíðarAUÐUR** er til að virkja framtíðarafi kvenna. Um er að ræða leiðtogabúðir fyrir stúlkur á aldrinum 13-16 ára. Að lokum er um að ræða **AUÐARverðlaunin** þar sem frumkvöðlakonum eru veittar viðurkenningar.

Nýsköpun 2003

Árið 2003 mun Nýsköpunarsjóður standa fyrir samkeppni um gerð viðskiptaáætlana, **Nýsköpun 2003**. Verkefnið er sambærilegt og fyrri samkeppni en þær hafa verið haldnar 3 sinnum áður. Um er að ræða samstarfsverkefni með Háskólanum í Reykjavík, Morgunblaðinu, KPMG, Íslandsbanka og Bygðastofnun. Í tengslum við samkeppnina eru gefin út kennslugögn um gerð viðskiptaáætlana fyrir þátttakendur og

haldin námskeið, byggð á gögnunum, um land allt. Sigurvegarar samkeppninnar hér á landi hafa tækifæri til að taka þátt í evrópskri samkeppni á vegum ESB.

Nýsköpunarsjóður og Útflutningsráð

Í samvinnu við Útflutningsráð (icetrade.is) rekur Nýsköpunarsjóður þrjú verkefni sem ætluð eru fyrirtækjum sem hyggjast hasla sér völl á erlendum mörkuðum.

Verkefnið *Útflutningsaukning og hagvöxtur* er námskeið um gerð stefnumótandi markaðsáætlana og er fyrir fyrirtæki sem vilja vanda til undirbúnings á markaðssetningu erlendis. Verkefnið stendur yfir í 10 mánuði hverju sinni.

Í verkefninu *Markaðsstjóri til leigu* fær fyrirtækið til sín tímabundið markaðsstjóra sem aðstoðar við undirbúning og framkvæmd markaðssetningar fyrirtækisins erlendis. Að lokum er það verkefnið *Venture Iceland*. Markmið verkefnisins er að kynna íslensk fyrirtæki í upplýsingatækni fyrir innlendum og erlendum áhættufjárfestum. Árlega eru valin 8 – 10 fyrirtæki úr hugbúnaðar- og fjarskiptageiranum sem boðin er þátttaka í verkefninu. Auk ofantalinna verkefna styrkir Nýsköpunarsjóður þátttöku í sýningum erlendis s.s. European Seafood EXPO, Cebit og fl.

Nýsköpunarsjóður og Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands

UPPÚR SKÚFFUNUM er samstarfsverkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um nýsköpun og nýtingu rannsóknaniðurstaðna. Verkefnið hefur annars vegar falist í hvatastarfi og námskeiðahaldi og hins vegar í samkeppni þar sem bestu hugmyndirnar að nýsköpun og nýtingu rannsóknaniðurstaðna eru verðlaunaðar. Í kjölfar samkeppninnar hafa aðstandendur verkefnisins veitt þátttakendum aðstoð og ráðgjöf varðandi t.d. einkaleyfismál og fjármögnun verkefnanna.

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar

Að þessu verkefni koma auk Nýsköpunarsjóðs, ráðuneyti iðnaðar og sjávarútvegs, Samtök iðnaðarins, Samtök fiskvinnslustöðva og Landssamband íslenskra útvegsmanna. Markmið *Vettvangsins* (vettvangur.nas.is) er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs með því að leiða saman fyrirtæki í iðnaði og sjávarútvegi m.a. með framleiðslu á tækjabúnaði sem leiðir til aukins vinnsluvirðis í fiskvinnslu og útgerð.

Samstarfsvettvangur um heilbrigðistækni

Hér er um að ræða samstarf Nýsköpunarsjóðs, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Heilbrigðistæknifélags Íslands, Rannís, Landsspítalans Háskólasjúkrahúss og Samtaka iðnaðarins. Markmið *Vettvangsins* (htv.is) er að stuðla að aukinni þróun og útflutningi heilbrigðistæknilausna frá Íslandi og um leið koma til móts við þarfir heilbrigðiskerfisins fyrir hagkvæmari og betri lausnir til að bæta lífsgæði og lífslíkur sjúklinga.

Samstarfssamningur Nýsköpunarsjóðs og Byggðastofnunar

Ofangreindir aðilar voru með formlegan samning í gangi sín á milli sem ætlað var að stuðla að auknu samstarfi og samræmingu í störfum þeirra ásamt atvinnuþróunarfélögunum sem og að styrkja starfsemi Nýsköpunarsjóðs á landsbyggðinni og aðstoða atvinnuþróunarfélögin við að auka hæfni sína á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og viðskiptaráðgjafar. Verkefni eins og *Nýsköpun í*

starfandi fyrirtækjum var eitt af þeim verkefnum sem haldin voru víðs vegar á landsbyggðinni.

Samstarfssamningur Nýsköpunarsjóðs og Rannís

Nýsköpunarsjóður og Rannsóknarráð Íslands (Rannís) hafa gert með sér samning til að auka tiltækt fé til hagnýts rannsókn- og þróunarstarfs á þekkingarsviðum sem leitt geta til eflingar atvinnulífs á Íslandi. Með samstarfinu er stefnt að því að ráðast í framsæknari (áhættusamari) og fjárfrekari verkefni en mögulegt hefur verið fram til þessa. Nýsköpunarsjóður getur tekið þátt í einstökum verkefnum með Rannís með þrennum hætti: Áhættuláni, áhættuláni með breytirétti í hlutafé og með beinni hlutafjárþátttöku.

Viðskiptaþróun.

Viðskiptaþróun er samstarfsvettvangur VUR (Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins), ÞSSÍ (Þróunarsamvinnustofnun Íslands) og Nýsköpunarsjóðs. Viðskiptaþróun er sett að laggirnar til að efla íslenska markaðssókn í þróunar- og nýpróuðum ríkjum. Viðskiptaþróun aðstoðar íslensk fyrirtæki m.a. við að greina ný viðskiptatækifæri á þessum svæðum og við að afla verkefna hjá alþjóðastofnunum.

Frumkvöðlasetur Norðurlands

Í samvinnu við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Fjárfestingafélagið Urðir, Tækifæri hf. og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar er rekið frumkvöðlasetur á Akureyri, Dalvík og Húsavík, hið fyrsta sinnar tegundar á landsbyggðinni. Hjá Frumkvöðlasetri Norðurlands er rekin sambærileg þjónusta og hjá Impru – þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja á Iðntæknistofnun og þar er mögulegt að fóstora ný fyrirtæki. Aðrir aðilar sem koma til með að starfa að þessu verkefni eru: Impru, Útflutningsráð, Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins og fl. stuðningsstofnanir atvinnulífsins. Unnið er að því að kanna möguleikana á því að koma upp sambærilegu frumkvöðlasetri á Hornafirði.

Sprotar

Hér að ofan hafa verið talin upp allflest verkefni sem Nýsköpunarsjóður hefur komið að. Þróunarsvið Nýsköpunarsjóðs tekur ennfremur þátt í nýjum viðskiptatækifærum með þrennu móti: Hlutafjárframlagi, áhættulánunum og áhættulánunum með breytirétti í hlutafé.

Þróunarsvið Nýsköpunarsjóðs getur verið með í undirbúningi að stofnun fyrirtækis þ.e.a.s. ef viðskiptaáætlun þess fyrirtækis er áhugaverð fyrir sjóðinn og fellur innan ramma þeirra laga sem starfað er eftir. Ennfremur getur Þróunarsvið sjóðsins komið að nýstofnuðum fyrirtækjum sem eru í uppbyggingu. Verði af þátttöku sjóðsins í fyrirtæki er oftast farið fram á að starfsmaður sjóðsins sitji í stjórn félagsins. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að taka virkan þátt í uppbyggingu fyrirtækisins frá upphafi í samræmi við þá viðskiptaáætlun sem lögð var til grundvallar þátttöku NSA í fyrirtækinu.

Í öðru lagi getur Þróunarsviðið komið að fyrirtækjum með áhættulánunum til vöruþróunar- og markaðsaðgerða erlendis. Áhættulánin geta verið veitt með breytirétti, þ.e.a.s. hafi Nýsköpunarsjóður áhuga á að eignast hlut í fyrirtækinu þegar fram í sækir getur sjóðurinn breytt láninu í hlutafé. Í slíkum tilfellum er samið um það

fyrirfram hversu stóran hlut sjóðurinn eigi að fá fyrir áhættulánið, verði því breytt í hlutafé.

Sömu skilmálar gilda um áhættulán Nýsköpunarsjóðs og áhættulán með breytirétti. Áhættulánin eru með niðurfellingarákvæði. Þetta felur það í sér að ef verkefnið sem lánað var til mistekst er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu, að hluta til eða öllu leyti.



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Alþingi

Erindi nr. P 128/250

komudagur 22.11.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seyðisfirði 21. nóvember 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd:

254. mál: Rýrnun eigna íbúa landsbyggðarinnar.


χ 16. mál: Aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri.

10. mál: Skattfrelsi lágtækjufólks.


Lagt fram á stjórnarfundum SSA 19. nóvember 2002.

Umsögn ekki veitt

Virðingarfyllst


Þorvaldur Jóhannsson
frákvæmdastjóri SSA

Alþingi
Erindi nr. P 128/231
komudagur 21.11.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 18. nóvember 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, 16. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 14. nóvember s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 4. nóv. 2002, þar sem óskað var umsagnar um tillögu þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnureksturs, 16. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.